



AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLA

# UPPLÝSINGAR UM ÞJÓNUSTUNA

## TENGILIÐIR

Tengiliður er starfsmaður þjónustuveitanda eftir æviskeiðum barnsins. Börn og foreldrar geta fengið aðstoð við að sækja viðeigandi þjónustu, án hindrana á öllum þjónustustigum.

Á meðgöngu- og ungbarnaskeiði er tengiliður **HSN** Ásdís Arinbjarnardóttir, [asdis.arinbjarnardottir@hsn.is](mailto:asdis.arinbjarnardottir@hsn.is)

Á skólagöngu er tengiliður leik-, grunn-, eða framhaldsskóla:

**Barnaból, Skagaströnd:** Lilja Ingólfssdóttir, [ling@hjalli.is](mailto:ling@hjalli.is)

**Leiksk.Húnabyggðar:** Jenný Lind Gunnarsdóttir, [jenny!g@hunabyggd.is](mailto:jenny!g@hunabyggd.is)

**Höfðaskóli, Skagaströnd:** Berglind Hlín Baldursdóttir [berglinhdlin@hofdaskoli.is](mailto:berglinhdlin@hofdaskoli.is)

**Húnaskóli, Húnabyggð:** Sonja Dröfn Helgadóttir, [sonjad@hunaskoli.is](mailto:sonjad@hunaskoli.is)

**FNV:** Hrafnhildur Guðjónsdóttir, [hrafnhildurg@fnv.is](mailto:hrafnhildurg@fnv.is)

**Aðrir framhaldsskólar:** sjá heimasíður þeirra

Ungmenni sem ekki eru í framhaldsskóla og falla ekki undir ofangreinda aðila hafa aðgang að tengilið á velferðarsviði Húnabyggðar, [farsaeld@hunabyggd.is](mailto:farsaeld@hunabyggd.is)

## HVAÐ ER FARSÆLD?

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eiga að sjá til þess að börn og foreldrar **hafi greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og að þau fái rétta aðstoð á réttum tíma, frá réttum aðilum.** Með því að tengja þjónustuna saman og vinna í sameiningu að farsæld barna verður auðveldara fyrir börn og foreldra að fá aðstoð við hæfi.

Starfsfólki sem vinnur með og fyrir börn ber að vinna saman að farsæld þeirra. Starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla, félagsþjónustu, íþróttta, tómstunda eða heilbrigðisþjónustu hefur fengið aukna ábyrgð sem felur í sér að koma auga á aðstæður barna og bregðast við strax og þörf er á.

**Í flóknari málum hafa börn og foreldrar aðgang að málstjóra hjá velferðarsviði Húnabyggðar eða þar sem þarfir barns liggja hverju sinni.**

Verkefnastjórar farsældar eru Sara Lind Kristjánsdóttir, [sara@hunabyggd.is](mailto:sara@hunabyggd.is), Dagný Rósa Úlfarsdóttir, [dagny@hunabyggd.is](mailto:dagny@hunabyggd.is) og Krístrún Birgisdóttir, [kristrun@ais.is](mailto:kristrun@ais.is)

Nánari upplýsingar má finna inni á <https://www.farsaeldbarna.is/>



# FARSÆLD BARNA



## AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLA STIGSKIPTING ÞJÓNUSTUNNAR

### FYRSTA STIGS ÞJÓNUSTA

Fyrsta stigs þjónusta í þágu farsældar barna tilheyrir **grunnþjónustu sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum**. Þar eru úrræði þar sem veittur er einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur með það að markmiði að styðja við farsæld barns í samræmi við þarfir barns og honum fylgt eftir á markvissan hátt.

Öll börn og foreldrar skulu hafa aðgang að þjónustu tengiliðar við samþættingu fyrsta stigs þjónustu. Frá meðgöngu og þar til barn hefur nám í leikskóla/grunnskóla er tengiliður starfsmaður heilsugæslustöðvar. Þegar barn er við nám í leik-, grunn- eða framhaldsskóla er tengiliður starfsmaður skólans þar sem barn er við nám. Ef barn er ekki í skóla er tengiliður starfsmaður félagsþjónustu.

### ANNARS STIGS ÞJÓNUSTA

Sé þörf á **sértækari stuðningi og aukinni þjónustu tilnefnir farsældarteymi málstjóra sem leiðir samþættingu þjónustu á öðru stigi í þágu farsældar barns**. Málstjóri veitir ráðgjöf og upplýsingar, aðstoðar við aðgang að mati og frekari greiningum, ber ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar, leiðir stuðningsteymi og fylgir eftir ákvörðunum þess.

### ÞRIÐJA STIGS ÞJÓNUSTA

Málstjóri fylgir málinu áfram á þriðja stigi samþættrar þjónustu og fylgir ákvæðum barnaverndarlaga þegar barnaverndarmál er hafið.

Hér er um að ræða **sérhæfðari stuðning í samræmi við sérhæft og ítarlegt mat og/eða greiningu á þörfum barns á grundvelli stuðningsáætlunar um samþætta þjónustu og eftirfylgd**.

### AÐ VIRKJA SAMÞÆTTA ÞJÓNUSTU

Beiðni um miðlun upplýsinga til tengiliða og málstjóra þarf að liggja fyrir en foreldrar og börn geta líka sjálf haft samband beint við tengiliði.

Hér eru slóðir á eyðublöð á íslensku, ensku og pólsku:  
<https://island.is/s/bofs/eydubloed-vegna-farsaeldar>

Samþætt  
þjónusta:



Stigskipting  
þjónustu:

